

Alphacoat

Teygjanlegur fylligrunnur



Efnislýsing

Alphacoat er teygjanlegur, vatnsþynnalegur fylligrunnur sem inniheldur kvarsefni og er ætlaður til notkunar utanhúss. Fínsendinn, mattur grunnurinn hentar vel til fyllingar í netsprungur og víðari sprungur í steinsteypu, múrklæðningar, múrstein og við almennar steypuviðgerðir. Grunnurinn jafnar áferð á viðgerðum, máluðum flötum. Alphacoat sápast ekki, hleypir raka í gegnum sig og hylur einstaklega vel.

Alphacoat gengur sem grunnur undir vatnsþynnta akrýl útmálningu á stein, t.d. Murtex Acrylic og One Supertech. Hentar einnig undir síloxan/akrýlmálningu, t.d. Murtex Siloxan og Alphaloxan Flex (hentar ekki undir steinefnamálningu, t.d. Murtex Silicate).

Meðhöndlun

1. Tryggið að yfirborðið sé laust við ryk og önnur óhreinindi. Hreinsið laust yfirborðslag, sementshúð og útfellingar af steypu- og múrsteinsflötum.
2. Sílanberið eftir þörfum með Mursilan eða Murtex Waterproof.
3. Grunnið eftir þörfum með Alpha Primer Exterior.
4. Málið ríkulega 1- 2 umferðir af Alphacoat. Á sprungur sem eru á hreyfingu er ráðlegt að mála 2 umferðir.
5. Málið yfir Alphacoat með viðeigandi málningu.

Heilsufars- og umhverfismál

Lokið dósinni vandlega. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.

Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Utanhúss
Tegund: Akryl
Gljástig: Matt
Hiti við málun: 5-30°C
Rakastig: Mest 85%
Verkfæri: Penslar, rúllur
Þynning: Vatn ef þörf krefur
Þurrefni: Hvítt: Um 66% af vigt og 50% af rúmmáli
Þéttleiki: Hvítt: Um 1,35-1,50 kg/dm³
Ráðlögð þykkt á umferð: Þurrt: 150 míkron
 Blautt: 300 míkron
Rykfrítt: Eftir um 4 klst
Yfirmálun: Eftir um 16 klst
Seigja (við 23°C): 2,6-3,6 Pa.s/23°C
Þekja: 5 m²/L (veltur á undirlagi)
Áferð: Fínsendin málning
Öndunareiginleikar: µm d. H₂O: 0,11m. µm d. CO₂: 450m
Litur: Hvítt
Umbúðir: 1 og 10 lítra dósir
Hreinsun verkfæra: Vatn
Geymsla: Í þurru, frostfríu rými við 5-30°C
Geymsluþol: Minnst 12 mánuðir í lokuðum ílátum
Rokgjörn lífræn efni (VOC): EB hámark fyrir þessa vöru er (fl. A/c) 75 g/l (2007), 40 g/l (2010). Inniheldur mest 30 g/l